

# HANDBÓK NFFA



<b>Dagatal NFFA .....</b>	<b>2</b>
<b>Gátlistar fyrir helstu viðburði .....</b>	<b>4</b>
<b>Starfslýsing aðalstjórnar NFFA .....</b>	<b>5</b>
<b>Lög NFFA .....</b>	<b>6</b>
<b>Ballreglur og viðurlög við brotum .....</b>	<b>11</b>

Allir stjórnarmeðlimir NFFA skulu kynna sér efni handbókar félagsins við upphaf starfa sinna og hafa hana til leiðsagnar meðan þeir sinna embætti sínu. Auk þess skulu stjórnarmeðlimir endurskoða efni handbókarinnar reglulega og gera nauðsynlegar endurbætur í samráði við félagslífs- og forvarnarfulltrúa FVA.

Unnin í apríl 2012. Endurskoðuð í maí 2023.

## Dagatal NFFA

### **Ágúst:**

Stjórnin fer yfir lög NFFA og handbók

Nýnemavika, nýnemadagur og nýnemaferð

Kosning fulltrúa nýnema í stjórn NFFA

Nýnemaball

Skipa Gettu betur lið (og Morfís lið)

Undirbúa ofuredrúpott

### **September:**

Winter Cup (Fótboltamót FVA)

WestSide (sept./okt.) – ath. íþróttalið og Gettu betur lið

Leikrit: Útvega leikstjóra, huga að leikverki og hefja styrkjasöfnun, skrá nemendur á leiklistarnámskeið

### **Október og nóvember:**

Kaffihúsakvöld/ kvöldviðburður á vegum NFFA

Leiklistarfundir hefjast (spuni, leikhúsferð...)

Gettu betur lið – æfingar, t.d. keppni á milli skóla.

Skammhlaupsball

Ungmenning Vökudaga (byrjun nóv.)

Haustkosningar fyrir 15. nóv: Laus embætti innan NFFA ef einhver eru

Morfís hefst

Árshátíð – ákveða dagsetningu

Jólaball (mánaðarmót nóv/des)

### **Janúar:**

Nýársball

Leikrit – æfingar hefjast

Gettu betur hefst

## **Febrúar og mars:**

Söngkeppni framhaldsskólanna – undankeppni

Opnir dagar – kaffihúsakvöld sem NFFA skipuleggur

Frumsóna leikrit

Árshátíðarvika og árshátíðarball

Auglýsa eftir framboðum fyrir kosningar

## **Apríl:**

Söngkeppni Framhaldsskólanna

Kosningar NFFA

Aðalfundur fyrir námsmatsvikur (og grill)

Kvöldviðburður á vegum NFFA á sal (með 10. bekkingum)

Lokaball (mánaðarmót apríl/maí)

## **Maí:**

Fundur með nýrri stjórn

Skipa nemendur í skólaráð (2 nemendur með kosningum), skólanefnd (nemandi úr aðalstjórn)

Fastir viðburðir. Stjórnin heldur einnig aðra viðburði eftir áhuga.

## Gátlistar fyrir helstu viðburði

### Gátlisti fyrir böll:

- ✓ Bóka skemmtistað, hljómsveit, hljóðkerfi
- ✓ Sækja tímanlega (með minnst þriggja vikna fyrirvara) um skemmtanaleyfi
- ✓ Auglýsingar; plaköt og miðar (ath. miðasala)
- ✓ Útvega grindur fyrir port
- ✓ Edrúpottur; útvega vinning (draga út á ballinu)
- ✓ Útvega gæslu; skemmtistaður, áfengisleit, Siðbót
- ✓ Miðasala eingöngu í skóla (ekki við hurð); ath. skráningarblað fyrir gesti og tengiliði. Gæta þess að allir gestir hafi skráða tengiliði
- ✓ Fá lista hjá félagslífs- og forvarnarfulltrúa yfir nemendur sem ekki mega mæta á ballið eða þurfa að blása (minna á að gefa sig fram). Munið að gæta fyllsta trúnaðar.
- ✓ Á balli: Mætingarlisti nemenda, listi yfir gesti og tengiliði, Siðbótarpeysur, edrúpottur, áfengismælar (félagslífs- og forvarnafulltrúar)

### Gátlisti fyrir leikrit:

- ✓ Gera fjárhagsáætlun og fá samþykki aðalstjórnar áður en gengið er frá samningum
- ✓ Útvega og semja við leikstjóra, velja leikverk og útvega leyfi fyrir leikverki
- ✓ Styrkjasöfnun þarf að hefjast snemma (fyrir tæki og ath. Menningaráð Vesturlands)
- ✓ Leiklistarnámskeið á haustönn (leikstjóri með námskeiðið)
- ✓ Æfingar hefjast í janúar, frumsýning fljótlega eftir Opna daga (í mars)
- ✓ Athuga samstarf við Tónlistarskólann á Akranesi, Bíóhöllina o.fl.

### Gátlisti fyrir kvöldviðburð:

- ✓ Bóka salinn (í samráði við umsjónarmann húsnæðis og matráð – með góðum fyrirvara)
- ✓ Útvega atriði og setja upp dagskrá, tryggja að tæknimenn verði á staðnum, athuga skjávarpa o.fl. með fyrirvara
- ✓ Kaffisala, veitingar, kósí stemning (kertaljós)

### Gátlisti fyrir árshátíð:

- ✓ Dagsetning í samráði við skólameistara (ákveðin að vori)
- ✓ Bóka salinn fyrir árshátíðina, bóka einnig skemmtistað, hljómsveit og annað er varðar árshátíðarballið
- ✓ Semja við veislupjónustu
- ✓ Ræða við umsjónarmann húsnæðis og starfsfólk í mötuneyti um framkvæmd með góðum fyrirvara
- ✓ Árshátíðarnefnd – helstu atriði:
  - Skreytingar (og þema), skemmtiatriði, veislustjóri, setja upp dagskrá og matseðil, ljósmyndahorn og ljósmyndari, þjónar (fjöldi þjóna í samráði við mötuneyti, einnig stjórnarmeðlimir og árshátíðarnefnd), raða upp borðum og leggja á borð, fordrykkir. Skila fjárhagsáætlun til gjaldkera.

### Gátlisti fyrir undankeppni söngkeppni framhaldsskólanna og mögulega tónlistarkeppni:

- ✓ Bóka staðsetningu, húsbænd, hljóðkerfi, 3 eða 5 dómara, kynni
- ✓ Auglýsa eftir hljómsveitum með góðum fyrirvara

## Starfslýsing aðalstjórnar NFFA

### **Aðalstjórn nemendafélags FVA skal m.a.:**

- hafa yfirumsjón með félagslífi nemenda í skólanum og skipuleggja viðburði sem höfða til sem flestra
- þjóna nemendum og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi, bæði í félagslífi og námi
- bera ábyrgð á nemendafélagsgjöldum
- ráðstafa fé til einstakra klúbba og starfsemi þeirra. Gjaldkeri nemendafélagsins heldur utan um bókahald félagsins og stendur skil á því til fjármálastjóra FVA
- vera skólanum til sóma á þingum SÍF og vera fyrirmyndir innan sem utan FVA

# Lög Nemendafélags Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi

## **I. kafli. Heiti félagsins, hlutverk og félagsmenn**

### *1. gr. Heiti félagsins og hlutverk*

Félagið heitir Nemendafélag Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, skammstafað NFFA. Hlutverk félagsins eru: a) Að standa vörð um sameiginlega hagsmuni nemenda. b) Að stuðla að blómlegu og kröftugu félagslífi á meðal nemenda í Fjölbrautaskóla Vesturlands. c) Að efla tengsl nemenda innbyrðis, sem og við aðra skóla.

### *2. gr. Félagsmenn*

Allir nemendur FVA sem greiða gjald til nemendafélagsins eru sjálfkrafa félagsmenn. Gjald fyrir inngöngu í nemendafélagið er 5500 krónur fyrir hverja önn. Félagsmenn NFFA skulu greiða lægra gjald en utanfélagsmenn inn á viðburði þá sem NFFA stendur fyrir. Reikningsár félagsins er frá 1. ágúst til 31. júlí ár hvert.

## **II. kafli. Stjórn félagsins**

### *3. gr. Aðalstjórn NFFA*

Aðalstjórn félagsins skal skipuð sjö nemendum sem skipta með sér verkum. Sex eru kosnir einstaklingskosningu að vori. Sjöundi stjórnarmaður skal kosinn í upphafi haustannar á nýnemadögum er nýnemar velja fulltrúa sinn. Aðalstjórn er skipuð forseta, varaforseta (sem jafnframt er ritari), gjaldkera, markaðsstjóra, skemmtanastjóra, fulltrúa nýnema og flugnaveiðifulltrúa.

### *4. gr. Verksvið aðalstjórnar*

Verksvið aðalstjórnar er:

- a) Að hafa útskurðarvald í málefnum NFFA.
- b) Að hafa yfirumsjón með allri starfsemi nemendafélagsins og koma fram fyrir hönd félagsins. Í þessu felast meðal annars tengsl við klúbba sem starfa á vegum félagsins.
- c) Að sjá um úthlutun fjár til nefnda NFFA .
- d) Að halda fund minnst einu sinni í viku. Minnst þrjú stjórnarmenn verða að sitja fund svo hann sé löglegur.
- e) Að starfa sem nemendaráð skv. lögum um framhaldsskóla.

*Forseti* NFFA hefur yfirumsjón með allri starfsemi NFFA (þ.m.t. viðburðum, klúbbastarfsemi og nefndarstörfum) og er fulltrúi félagsins út á við.

*Varaforseti* tekur við stjórn í fjarveru forseta. Heldur utan um skipulag og ákvarðanatökur á fundum stjórnar.

*Ritari* ritar fundargerðir og skila þeim til skólameistara.

*Gjaldkeri* heldur utan um öll fjármál vegna starfsemi NFFA í samvinnu við félagslífsfulltrúa. Þegar skólaári lýkur skulu reikningar NFFA vera nemendum aðgengilegir og opnir hverjum sem er til að skoða. Gjaldkeri verður að vera orðinn 18 ára.

*Fulltrúi nýnema* er tengiliður nýnema við stjórn NFFA.

*Markaðsstjóri* sér um markaðsmál félagsins s.s. auglýsingar, plaköt, miða vegna viðburða og dagskrár.

*Skemmtanastjóri* heldur utan um allt skipulag er varðar dansleiki NFFA.

## 5. gr. Klúbbar NFFA

Öllum fullgildum félagsmönnum NFFA er heimilt að stofna klúbb/nefnd innan NFFA, en þó í samráði við aðalstjórn. Stofnandi klúbbs telst forseti hans fyrsta skólaárið. Sé klúbburinn stofnaður á vorönn fær forsetinn rými til að þróa klúbbinn og verður sjálfkrafa forseti hans næsta skólaár. Aðalstjórn afgreiðir fjárbeiðnir klúbbanna. Forseti hvers klúbbs ber ábyrgð á starfsemi klúbbsins gagnvart aðalstjórn. Auk aðalstjórnar skulu forsetar klúbba sækja stjórnarfundi NFFA eftir þörfum. Allir klúbbar skulu halda klúbbakynningu á haustönn og halda a.m.k. einn viðburð á önn.

M.a. eru starfandi eftirtaldir klúbbar:

*Tónlistarklúbbar* skipuleggur tónlistarkeppni/hæfileikakeppni NFFA og undankeppni fyrir Söngkeppni framhaldsskólanna.

*Íþróttaklúbbar* skipuleggur ýmis íþróttamót innan FVA s.s. Winter Cup og hefur umsjón með þeim mótum sem NFFA tekur þátt í (s.s. WestSide). Klúbburinn skipuleggur frjálsta tíma í íþróttahúsinu.

*Leiklistarklúbbar* sér um uppsetningu leiksýningar/hæfileikasýningar á vorönn og stendur fyrir leiklistarnámskeiði á haustönn. Undirbúning leiksýningar skal hefja í lok haustannar og skal frumsýning vera í kringum Opna daga skólans. Formaður leiklistarklúbbs er sjálfkjörinn framkvæmdastjóri leiksýningarinnar en er heimilt að skipa framkvæmdastjóra í sinn stað ef hann tekur virkan þátt í sýningunni.

*Viskuklúbbar* sér um að setja upp Gettu betur lið og Morfís lið árlega (eftir áhuga) og skrá keppnisliðin. Gettu betur liðið keppir einnig á árlegri spurningakeppni WestSide. Klúbburinn skipuleggur æfingar fyrir liðin.

*Kvikmyndaklúbbar (og ljósmyndaklúbbar)* sjá um myndbandsupptökur og ljósmyndun á öllum helstu viðburðum NFFA. Klúbburinn sér jafnframt um að útbúa árshátíðarmyndband sem bera skal undir skólameistara fyrir sýningu .

*Jafnréttisfélagið Bríet* berst fyrir jafnrétti kynjanna í víðum skilningi og fræðir fólk um jafnréttismál. Félagið heldur reglulega fundi og stendur fyrir viðburðum sem tengjast jafnrétti m.a. viku 6.

*Listaklúbbur* tekur þátt í Ungmenningu Vökudaga á haustönn. Klúbburinn heldur jafnframt eitt kaffihúsakvöld á hverju skólaári með listasýningu.

GEY (Góðgerðafélagið Eynir), vefnefnd og ritnefnd starfa ef áhugi er fyrir hendi.

#### *6. gr. Fjárhagslegar skuldbindingar*

Enginn meðlimur í nemendafélaginu má stofna til skulda fyrir hönd félagsins nema með formlegu samþykki stjórnar. Fjárhagslegar skuldbindingar fyrir hönd félagsins skulu undirritaðar af forseta NFFA, skráðar í fundargerðabók og tilkynntar yfirstjórn skólans áður en um þær er samið með bindandi hætti.

#### *7. gr. Vantraust*

Þriðjungur félagsmanna getur knúið stjórnina til að boða til fundar þar sem greidd skulu atkvæði um vantraust á stjórnina eða einstaka embættismenn NFFA. 2/3 hlutar félagsmanna verða að greiða atkvæði með vantrausti til að það sé samþykkt. Ef tilskilinn meirihluti samþykkir vantraust skal stjórnin, eða sá embættismaður sem á í hlut, segja af sér. Þá skal boða til félagsfundar þar sem kosið skal upp á nýtt í þau/það embætti sem losnar. Þá skulu þeir aðilar sem boða til fundarins taka að sér stjórnarstörf í NFFA þar til ný stjórn finnst.

### **III. kafli Félagsfundir**

#### *8. gr. Nemendafundir (Málfundir)*

Aðalstjórn skal boða til nemendafundar alla féлага NFFA, þegar hún telur þess brýna þörf eða ef um lagabreytingu er að ræða. Nemendafund skal boða með tveggja skóladaga fyrirvara og skal dagskrá, svo og tillögur um lagabreytingar sé um þær að ræða, fylgja fundarboði. Einungis nemendafundur getur hnekk ákvörðunum aðalstjórnar. Aðalstjórn er skylt að halda nemendafund krefjist minnst 1/3 hluti félagsmanna NFFA þess skriflega. Fundurinn skal þá haldinn hið fyrsta en auglýstur með venjulegum fyrirvara. Meirihluta greiddra atkvæða þarf til að samþykktir nemendafunda verði löglegar. Nemendafundur er ekki löglegur nema 20% félagsmanna sitji fundinn.

Komi upp óánægja meðal félagsmanna um ákvörðun stjórnar nemendafélagsins, geta þeir með undirskriftalista krafist þess að boðað verði til félagsfundar, sem hefur þá úrslitavald í málinu. Á listanum verða að vera nöfn a.m.k. 1/3 hluta félagsmanna.

#### *9. gr. Kosningafundur*

Aðalstjórn skal sjá um framkvæmd kosningafundar sem haldinn skal fyrir kosningar að vori. Á honum verða frambjóðendur kynntir.



#### *10. gr. Aðalfundur*

Aðalfund NFFA skal halda eftir vorkosningar, fyrir námsmatsdaga. Dagskrá aðalfundar er sem hér segir: a) Aðalstjórn skólaársins gerir grein fyrir störfum sínum og fjárhag félagsins. b) Úrslit vorkosninga kunngjörð. c) Önnur mál. Sömu lög gilda um atkvæðagreiðslu á aðalfundi og á nemendafundi, þ.e. einfaldur meirihluti gildir.

### **IV. kafli Kosningalög NFFA**

#### *11. gr. Almenn kosningaákvæði*

Tvisvar á skólaári eru kosningar, þ.e. haustkosningar og vorkosningar. Haustkosningar skulu fara fram fyrir 15. nóvember. Vorkosningar skulu fara fram fyrir aðalfund NFFA. Kosningar skulu vera rafrænar sé þess kostur, annars skal mynda kjörstjórn. Frambjóðendur verða að vera meðlimir NFFA og hafi ekki fengið áminningu fyrir brot á skólareglum. Óheimilt er að bjóða sig fram í nafni pólitísku flokks, flokksbrots eða trúarhóps. Kosningaráróður má ekki vera ærumeiðandi eða á nokkurn hátt ósæmilegur. Embættismenn kosnir í vorkosningum taka við stöfum í lok vorannar.

Kosningarnar er þannig frambjóðendur eru tilgreindir í stafrófsröð og eiga kjósendur að merkja við sex nöfn. Stjórnin skiptir síðan með sér verkum.

#### *12 gr. Kjörstjórn*

Sé ekki möguleiki á rafrænum kosningum skal skipa kjörstjórn. Í kjörstjórn eiga sæti þrjú aðilar. Varforseti (ritari) aðalstjórnar er sjálfskipaður forseti en aðrir stjórnarmenn skulu vera tveir útskriftarnemar sem útskrifast þá önn sem kosið er og gegna engum embættum innan NFFA. Kjörstjórn sér um framkvæmd kosninga og telur atkvæði. Kjörstjórn skal sjá til þess að kosningar fari skipulega og löglega fram.

#### *13. gr. Haustkosningar og vorkosningar*

Í haustkosningum skal kjósa laus embætti innan NFFA ef einhver eru. Einn nýnemi í aðalstjórn er kosinn af nýnemum í upphafi haustannar.

Í vorkosningum skal kjósa sex í stjórn sem skiptir með sér verkum.

### **V. kafli Ýmis ákvæði**

#### *14. gr. Fríðindi*

Æskilegt er að félagsmenn NFFA vinni sjálfboðavinnu að málefnum félagsins. Þó skal aðalstjórn fá frítt inn á alla viðburði sem NFFA stendur fyrir, árið sem þeir eru í aðalstjórn. Aðrir embættismenn skulu fá helmingsafslátt inn á alla viðburði. Aðalstjórn er þó heimilt að afnema afsláttinn ef embættismenn sinna ekki skyldum sínum.

#### *15. gr. Skyldur embættismanna*

Stjórnarmeðlimir eru fyrirmyndir innan sem utan FVA og skulu gegna störfum sínum með sóma. Stjórnarmeðlimir skulu mæta á stjórnarfundum og skipta með sér verkum. Forsetar klúbba skulu halda a.m.k. einn viðburð (eða eina afurð) á hvorri önn og mæta á stjórnarfundum eftir þörfum.

#### *16. gr. Viðurlög nemenda við brotum*

Ef hafa þarf afskipti af nemanda á viðburði á vegum NFFA gæti sá hinn sami þurft að sæta viðurlögum. Ballreglur og viðurlög við brotum eru ákveðin af skólameistara í samráði við aðalstjórn NFFA og félagslífsog forvarnafulltrúa FVA og eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

#### *17. gr. Fjárhagur félagsins*

Stjórn NFFA áskilur sér fullan rétt til að sleppa því að fara eftir einhverjum ákvæðum þessara laga ef svo ber undir að fjárhagur félagsins leyfi það ekki. Það skal hafa forgang fram yfir löggin að aðalstjórn skili frá sér skuldlausu nemendafélagi til næstu aðalstjórnar.

## **Ballreglur og viðurlög við brotum**

- Starfsfólk skemmtistaðarins og Siðbót (þ.e. gæsla á vegum útskriftarnema) sjá um gæslu á böllum. Félagslífs- og forvarnafulltrúar og 1 annar kennari ásamt 2- 3 stjórnarmeðlimum NFFA hafa umsjón með gæslunni. Ef nemendur lenda í einhverjum vandræðum eða verða varir við einhver vandamál á böllum skulu þeir leita til einhverra þessara aðila.
- Öll meðferð áfengis og annarra vímuefna er bönnuð og hafa einstaklingar undir áhrifum ekki rétt til inngöngu. Æskilegt er að allir blása við innganginn.
- Ef nemandi reynir að smygla inn áfengi/vímuefnum eða er með áfengi/vímuefni fyrir utan skemmtistaðinn fær hann ekki inngöngu á ballið. Leit er við inngang skemmtistaðarins.
- Húsið er opið í ákveðinn tíma og fær enginn aðgang inn á ballið eftir að húsið lokar. Þeir sem fara út af ballinu fá ekki að koma inn aftur. Meðan húsið er opið er allt ráp inn og út við inngang bannað.
- Miðar á böll eru eingöngu seldir skráðum nemendum skólans en hver nemandi hefur leyfi til að bjóða einum gesti yngri en 22 ára. Ef um er að ræða ferð á vegum skólans eða viðburð sem skólanum er boðið á er nemendum þó óheimilt að bjóða gestum með. Nemandinn verður að vera félagi í NFFA og eiga sjálfur miða á ballið. Nemandinn skal sjá um miðakaupin og er þá tengiliður gestsins. Ef gestir eru yngri en 18 ára þarf stjórn NFFA að skrá símanúmer forráðamanna. Grunnskólanemendum er stranglega bannaður aðgangur.

### **Viðurlög við brotum:**

- Þurfi gæslumenn að hafa afskipti af nemanda á balli vegna ölvunar, áfengissmygls eða óspekta þá mun skólastjórnandi eiga við hann tal síðar og verður viðkomandi einnig boðaður í viðtal til forvarnafulltrúa.
  - Þurfi gæsla að hafa afskipti af nemanda undir 18 ára aldri þá skulu kennarar hringja heim til forráðamanna hans, þeir látnir vita og beðnir um að sækja viðkomandi.
  - Þurfi gæsla að hafa afskipti af nemanda 18 ára eða eldri skal honum vísað út. Ekki er hringt í foreldra nema nemandi óski þess.
  - Við annað brot á skólaballi á skólaári fer nemandi ávallt í bann út skólaárið. Harðari viðurlög eru við alvarlegum brotum, allt að brottvísun úr skóla (ákveðið nánar af skólameistara).
  - Ef einstaklingur er ekki nemandi í FVA (þ.e. er gestur) er honum óheimilaður aðgangur að næsta balli NFFA. Brjótí gestur aftur af sér er honum óheimilaður aðgangur að böllum NFFA út skólaárið.

**Skólameistari, félagsmálafulltrúi, forvarnafulltrúi og stjórn NFFA**